



Fundargerð 110. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 07. nóvember 2016, kl.09:45 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigurður Harðarson frá Centra kom inn á fundinn undir lið 2a.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Sala eigna - staða*

a. Íslenskar fasteignir

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna vegna kauptilboðs ÍF og vinnu Centra vegna þessa.

Sigurður Harðarson gengur inn á fund stjórnar kl. 09.55, kynmir sig og hlutverk Centra. Kynnti hann fyrir stjórn vinnu Centra vegna tilboðs ÍF.

Stjórn þakkaði Sigurði fyrir kynninguna. Sigurður yfirgaf fundinn kl. 10.44.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Keilir húsnæðismál*

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu áður hafði verið borin upp við stjórn vegna húsnæðismála Keilis. Stjórn samþykkti þessa tillögu og fól framkvæmdastjóra umboð til að vinna málið áfram.


4. *Önnur mál*

Isavia.

Framkvæmdastjóri ræddi tillögu sem ÞK hafði óskað eftir við Isavia um færslu girðingar og breytingu á lóð við gagnaver Verne og flugvallarins. Isavia var búið samþykkja breytinguna og óska eftir skráningu hjá Reykjanesbæ. Í síðustu viku barst ÞK bréf frá Isavia þar sem þessari beiðni var hins vegar hafnað og skráningin afturkölluð hjá Reykjanesbæ.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í desember nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.25



Fjóla Hrund Björnsd.